

Mánudaginn 16. desember 1996.

Nr. 423/1996.

Skeljungur hf.

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni

(sjálfur)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skiptastjóri. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 23. október 1996, þar sem leyst var úr ágreiningi málsaðila um frumvarp til úthlutunar í þrotabúi Júpiters hf. varðandi þóknun handa varnaraðila vegna starfa við skiptastjórn í þrotabúinu og hún ákveðin 8.901.000 krónur. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að þóknunin verði lækkuð í 1.780.900 krónur, til vara 2.550.000 krónur, en til þrautavara aðra lægri fjárhæð en ákveðin var með úrskurði héraðsdóms. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

I.

Samkvæmt gögnum málsins fékk sóknaraðili vitneskju um hinn kærða úrskurð 24. október 1996. Kæra barst héraðsdómi 10. nóvember sama ár, og var þá liðinn kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hæstiréttur féllst 4. desember sl. á beiðni sóknaraðila um leyfi til kærunnar. Var það gert með stoð í 4. mgr. 150. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 153. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 38/1994. Sú ákvörðun er endanleg. Er kæran því heimil samkvæmt 179. gr. laga nr. 21/1991, og verður hafnað kröfu varnaraðila um frávísun málsins frá Hæstarétti.

II.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, var bú Júpíters hf. tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða 16. apríl 1993 og varnaraðili skipaður þar skiptastjóri. Eina eign þrotabúsins mun hafa verið samnefnt fiskiskip, sem var selt 2. júlí sama ár eftir ákvæðum 129. gr. laga nr. 21/1991 fyrir 255.000.000 króna. Af söluverðinu munu 200.000.000 króna hafa greiðst með yfirtöku áhvílandi veðskulda.

Í frumvarpi varnaraðila 19. apríl 1996 til úthlutunar á söluverði skipsins Júpíters var ráðgert, að 12.451.252,65 krónur af því rynnu til greiðslu skiptakostnaðar, en þar af voru 9.224.000 krónur færðar í einu lagi í lið með fyrirsögninni: „Skiptastjórn, vegna vinnu við sölu skips, dómsmáls, skiptafunda, ferðakostn. o. fl.“ Á skiptafundi 30. apríl 1996 óskaði sóknaraðili eftir skýringum á þessum lið og gerði fyrirvara um samþykki hans. Í kjölfarið veitti varnaraðili nánari upplýsingar um þennan þátt í skiptakostnaði með bréfi til sóknaraðila 8. maí 1996, þar sem framangreind fjárhæð var sundurliðuð sem hér segir:

1. Sölulaun, 1,5% af 255.000.000 krónum	kr. 3.825.000
2. Aðkeypt vinna við launabókhald og fleira	– 126.000
3. Ferðakostnaður varnaraðila	– 35.750
4. Kostnaður við skiptastjórn samkvæmt tímaskráningu:	
Vinna varnaraðila sjálfs, 583 klst. á 6.000 krónur	– 3.498.000
Vinna löglærðs fulltrúa, 257,5 klst. á 5.500 krónur	– 1.416.250
Vinna ritara, 161,5 klst. á 2.000 krónur	– 323.000
Samtals	kr. 9.224.000

Með bréfi varnaraðila fylgdi yfirlit um skráðar vinnustundir við skiptastjórn, sem samkvæmt framangreindu voru alls 1.002 talsins. Í bréfinu dró varnaraðili saman upplýsingar um vinnustundir úr yfirlitinu og flokkaði þær sem hér segir:

Bein vinna við skipið, þar á meðal skráning eigna, umsjón og vaktgæsla, samtals	120 klst.
Vinna við móttöku kröfulýsinga og gerð kröfuskrár varðandi sjóveðskröfur, samtals	57,5 klst.

Vinna vegna veðhafafunda, samtals	69,5 klst.
Vinna vegna ágreinings um sjóveðskröfur, þar á meðal athugun bókhaldsgagna, annarra gagna, dóma og launataxta, símtöl, bréf, vinna við prófmál um eina kröfu fyrir dómi, meðferð annarra krafna í samræmi við niðurstöðu þess máls og skiptafundir um þær, samtals	658 klst.
Vinna við bókhald þrotabúsins, greiðslu reikninga og launa, uppgjör launa og staðgreiðsluskatta, launaframtöl og launamiða, samtals	68 klst.
Vinna við töku skýrslna af forsvarsmönnum félagsins, gerð skiptayfirlýsingar vegna skips, aflýsingu veðlána og fleira, samtals	18 klst.
Vinna við frumvarp til úthlutunar	11 klst.
Samtals	1.002 klst.

Með bréfi 29. maí 1996 mótmælti sóknaraðili frumvarpinu til úthlutunar, að því er varðar 1. og 4. lið í fyrrgreindri sundurliðun skiptakostnaðar. Varnaraðili beindi ágreiningi, sem þannig var risinn um frumvarpið, til héraðsdóms 12. júní 1996, og er hann til úrlausnar í þessu máli. Í hinum kærða úrskurði var krafa varnaraðila um, að frumvarpið yrði látið standa óbreytt, tekin til greina að öðru leyti en því, að kostnaður við vinnu ritara samkvæmt áðurgreindri tímaskráningu, að fjárhæð 323.000 krónur, var ekki talinn eiga að koma sérstaklega til greiðslu.

Sóknaraðili hefur ekki mótmælt kostnaði vegna aðkeyptrar vinnu við launabókhald og ferða, sem varnaraðili greindi frá í 2. og 3. lið í sundurliðun sinni. Er því ekki deilt í málinu um réttmæti þeirra liða, sem eru samtals að fjárhæð 161.750 krónur. Þá kærði varnaraðili ekki úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti, og kemur því ekki til endurskoðunar sú niðurstaða, að hafnað sé að telja til skiptakostnaðar útgjöld vegna vinnu ritara, að fjárhæð 323.000 krónur. Stendur því ágreiningur málsaðila um, hvort varnaraðila beri sölulaun, að fjárhæð 3.825.000 krónur, vegna sölu skipsins Júpíters og hvort þóknun hans vegna skiptastjórnar að öðru leyti verði ákveðin samtals 4.914.250 krónur, eins og hann krefst.

III.

Ekki verður séð af fyrirbyggjandi gögnum, að varnaraðili hafi á fyrri stigum máls greint kröfuhöfum í þrotabúi Júpíters hf. frá því, að störf sín við skiptastjórn kynnu að verða umfangsmeiri en búast mátti við í ljósi aðstæðna eða hvaða aðferðum hann hygðist beita við ákvörðun þóknunar vegna starfa sinna. Þá kynnti varnaraðili ekki heldur á skiptafundi ákvörðun sína um að taka sér greiðslu smám saman af fé þrotabúsins upp í áfallna þóknun, svo sem hann þó gerði gagnstætt fortakslausu ákvæði 2. málsliðar 2. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991.

Vegna þess, sem að framan greinir, máttu kröfuhafar í þrotabúinu leggja á það traust, að störf varnaraðila við skiptin yrðu ekki tímafrekari en vænta mátti með hliðsjón af því, að eina eign búsins væri fyrrgreint fiskiskip og andvirði þess myndi fyrirsjáanlega ekki hrökkva fyrir öðru en veðkröfum og skiptakostnaði. Þótt bein ákvæði séu ekki í lögum nr. 21/1991 um, hvernig fjárhæð þóknunar skiptastjóra verði ákveðin, máttu kröfuhafar einnig treysta því, fyrst annað var þeim ekki kynnt, að í þessum efnum yrði eingöngu tekið mið af tímanum, sem yrði varið til verksins, og að endurgjald fyrir hverja vinnustund yrði hæfilegt, sbr. meginreglu 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Þá máttu kröfuhafar jafnframt treysta því vegna ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991, að þegar fjallað yrði um frumvarp til úthlutunar, ætti þrotabúið enn óskerta þá fjárhæð, sem varnaraðili teldi sér bera í þóknun.

IV.

Af fyrirbyggjandi fundargerð frá fundi veðhafa í skipi þrotabús Júpíters hf. 21. maí 1993 virðist mega ráða, að þeir hafi þar samþykkt í verki, að varnaraðili tæki sjálfur að sér að leita tilboða í skipið og annast að öðru leyti sölu þess. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð, að rætt hafi verið sérstaklega um þóknun handa varnaraðila fyrir þetta, hvorki á þeim fundi né síðari fundum veðhafa. Þegar af þessum sökum verður í ljósi þess, sem segir í III. kafla hér að framan, að hafna því, að varnaraðili eigi rétt til þóknunar vegna sölu skipsins, sem reiknist sem hlutfall af verði þess.

Í fyrirnefndu yfirliti varnaraðila um skráðar vinnustundir í þágu þrotabúsins telur hann 145 klukkustundum hafa verið varið til starfa

við sölu umrædds skips, og eru þær til viðbótar þeim vinnustundum, sem hann rekur beinlínis til skiptastjórnar. Verður tekið tillit til þessarar vinnu varnaraðila við sölu skipsins, þegar ákveðin verður hér á eftir heildarþóknun honum til handa vegna skiptastjórnar.

V.

Krafa varnaraðila um þóknun fyrir skiptastjórn er á því reist, að hann og fulltrúi hans hafi varið til verksins samtals 840,5 klukkustundum. Er þá, sem áður segir, ótalinn sá tími, sem varnaraðili kveður hafa farið í fyrrgreind störf við sölu skips. Sóknaraðili hefur meðal annars mótmælt því, að það fái staðist, að vinnustundir hafi í reynd verið svo margar sem hér um ræðir.

Varnaraðili reisir staðhæfingar sínar um fjölda vinnustunda eingöngu á áðurnefndu yfirliti um þær. Hann hefur ekki lagt fram gögn til stuðnings einstökum liðum, eftir því sem efni kynnu að vera til. Hvað sem líður trúverðugleika þessa yfirlits, verður að telja sýnt, að fjöldi vinnustunda, sem þar kemur fram, er margfalt meiri en kröfuhafar í þrotabúi Júpiters hf. hefðu mátt vænta í ljósi atvika. Varnaraðili kynnti kröfuhöfum aldrei, að vinnuframlag sitt gæti orðið svo verulega meira en við mátti búast. Með þeirri háttsemi kom hann meðal annars í veg fyrir, að kröfuhafar gætu leitast við að takmarka aðgerðir hans eða neytt úrræða 76. gr. laga nr. 21/1991, áður en vinna yrði leyst af hendi í þeim mæli, sem hann heldur fram. Er þannig óhjákvæmilegt, að varnaraðili beri af því hallann, ef hann hefur varið, svo að um muni, meiri tíma til verksins en við mátti búast.

Í málinu hefur ekki verið aflað matsgerðar eða hliðstæðra sönnunargagna um, hvað megi telja hæfilega þóknun handa varnaraðila í ljósi þeirrar vinnu, sem kröfuhafar í þrotabúinu máttu gera ráð fyrir, að hann þyrfti að inna af hendi. Eru því ekki tók á öðru en meta þóknun handa varnaraðila eftir álitum. Þegar til alls er litið, þar á meðal áhrifa virðisaukaskatts, þykir hún hæfilega ákveðin 2.500.000 krónur. Við þessa fjárhæð bætast þeir þættir í skiptakostnaði, sem ágreiningur er ekki um, 161.750 krónur.

Samkvæmt framangreindu skal frumvarpi til úthlutunar í þrotabúi Júpíters hf. breytt á þann veg, að liður í skiptakostnaði vegna skiptastjórnar lækki úr 9.224.000 krónum í 2.661.750 krónur.

Fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili ekki haft uppi þær kröfur, sem hann gerði fyrir héraðsdómi, að varnaraðila verði gert að leggja fram nýtt frumvarp til úthlutunar og endurgreiða þrotabúi Júpíters hf. oftekna þóknun með dráttarvöxtum. Verður því ekki tekin afstaða til þessara krafna, sem að auki brestur lagastoð fyrir að hafa uppi í þessu máli.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir, en í niðurstöðu um fjárhæð hans er meðal annars tekið tillit til þess, að lögfræðingur í fastri þjónustu sóknaraðila fór með málið af hans hálfu fyrir héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Frumvarpi til úthlutunar í þrotabúi Júpíters hf. skal breytt á þann veg, að liður í skiptakostnaði vegna skiptastjórnar lækki úr 9.224.000 krónum í 2.661.750 krónur.

Varnaraðili, Jón Sigfús Sigurjónsson, greiði sóknaraðila, Skeljungu hf., samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 23. október 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 23. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Sonju Maríu Hreiðarsdóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. X-1/1996: Skeljungur hf. gegn skiptastjóra þrotabús Júpíters hf., sem tekið var til úrskurðar 4. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

I.

Með bréfi skiptastjóra í þrotabúi Júpíters hf., dagsettu 12. júní 1996, sem dóminum barst 14. s. m., var krafist úrskurðar Héraðsdóms Vestfjarða um ágreining, sem stendur um fjárhæð skiptakostnaðar í frumvarpi til úthlutunar til veðhafa vegna sölu á ms. Júpíter, RE-61.

Krafan var þingfest 15. júlí 1996. Er Skeljungur hf., kt. 590269-1749,

Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, sóknaraðili málsins, en skiptastjóri þrotabús Júpíters hf., Jón Sigfús Sigurjónsson, kt. 200551-4869, Háagerði 14, Reykjavík, varnaraðili.

Sóknaraðili gerir þá aðalkröfu, að liður B. c. 15 í frumvarpi til úthlutunar úr þrotabúi Júpíters hf. vegna sölu á ms. Júpíter, RE-61, dagsettu 19. apríl 1996, verði lækkaður úr 9.224.000 kr. í 1.780.900 kr. Hann gerir þá vara-kröfu, að liður B. c. 15 í fyrrnefndu frumvarpi verði lækkaður úr 9.224.000 kr. í 2.550.000 kr. Hann gerir þær þrautavarakröfur, að liður B. c. 15 í frumvarpi verði lækkaður úr 9.224.000 kr. í 3.891.750 kr., ellegar í 4.236.700 kr., en ellegar í 5.941.000 kr., en ellegar í aðra verulega lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins. Að lokum krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málskostnaði. Einnig krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að leggja fram nýtt frumvarp til úthlutunar, og verði fallist á einhverja kröfu sóknaraðila, er þess jafnframt krafist, að varnaraðila verði gert skylt að skila þeim fjármunum, sem hann hefur oftekið í skiptakostnað, með dráttarvöxtum frá þeim tíma, er peningarnir voru teknir út úr búinu.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að staðfest verði fjárhæð þóknunar til skiptastjóra samkvæmt lið B. c. 15 í frumvarpi til úthlutunar í þrotabúi Júpíters hf. vegna sölu á ms. Júpíter, RE-61, dagsettu 19. apríl 1996, og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að Júpíter hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms 16. apríl 1993, og var Jón Sigfús Sigurjónsson hdl., varnaraðili í máli þessu, skipaður skiptastjóri. Eina eign búsins var fiskiskipið ms. Júpíter, RE-61. Varnaraðili leitaði tilboða í skipið og sá um sölu þess í samræmi við 129. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991. Hinn 1. júlí 1993 var lokatilboð Hraðfrystistöðvar Þórshafnar í skipið samþykkt á veðhafafundi, og var kaupsamningur um sölu á ms. Júpíter, RE-61, undirritaður daginn eftir. Söluverð skipsins var 255.000.000 kr. Frumvarp til úthlutunar á söluandvirði skipsins til veðhafa var sent veðhöfum 22. apríl 1996 og var tekið fyrir á skiptafundi 30. s. m. Á þeim skiptafundi gerði sóknaraðili fyrirvara um samþykki þóknunar varnaraðila og fór fram á sundurliðun hennar. Varnaraðili gerði grein fyrir skiptaþóknuninni í bréfi til sóknaraðila, dagsettu 8. maí 1996, og fylgdi bréfinu skráning vinnustunda við skiptameðferð búsins. Sóknaraðili mótmælti skiptakostnaði sem allt of háum í bréfi, dagsettu 29. maí s. á., og óskaði eftir því, að kostnaður yrði lækkaður veru-

lega. Þar sem varnaraðili gat ekki fallist á kröfur sóknaraðila og ekki tókust sættir í málinu, vísaði varnaraðili ágreiningnum til héraðsdóms með vísan til 171. gr., sbr. 128. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að sóknaraðili hafi átt tvo þinglýsta veðrétti í ms. Júpíter, RE-61. Samkvæmt frumvarpinu hafi átt að greiða honum 5.107.252,25 kr. upp í 10. og síðasta veðrétt, en veðréttur þessi hafi staðið 28. júní 1993 í 10.459.058 kr., og frá þeim tíma hafi bæst við hann verulegir vextir. Á skiptafundinum 22. apríl 1996 hafi varnaraðili upplýst, að sundurliðun skiptakostnaðar væri ekki til og tæki töluverðan tíma að útbúa hana, og jafnframt, að hann hefði þegar úthlutað sér öllum skiptakostnaðinum, 9.224.000 krónum, og áskildi sér frest til að greiða hluta hans til baka, ef um það yrði samið.

Fram kemur í greinargerð varnaraðila, að veðhafar hafi falið honum að leita tilboða og sjá um sölu skipsins, og hafi fjórir veðhafafundir verið haldnir til þess að fjalla um tilboð og sölu skipsins. Á þessu fundum hafi m. a. komið fram áætluð fjárhæð, sem þyrfti til greiðslu sjóveðskrafna og skiptakostnaðar. Á fjórða veðhafafundi 1. júlí 1993 hafi verið áttlað, að einungis hluti af kröfu á 8. veðrétti í skipinu fengist greiddur, en að aftari veðréttir féllu niður, þ. á m. 9. og 10. veðréttur. Þá greinir varnaraðili frá því, að á skiptafundi 7. júlí 1993 hafi verið fjallað um afstöðu skiptastjóra til lýstra krafna, og hafi þá komið fram mótmæli við afstöðu hans til fjölmargra krafna, er nutu sjóveðsréttar. Í kjölfar þess hafi farið fram yfirgripsmikil og tímafrek vinna við að jafna fram kominn ágreining. Deilt var um fjölmörg atriði, og þegar ljóst var, að ekki næðist samkomulag um kröfurnar, var ágreiningi um eina kröfuna vísað til héraðsdóms til úrlausnar. Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða í máli nr. Q-1/1996 hafi verið kveðinn upp 28. október 1994 og ágreiningur um aðrar kröfur verið jafnaður með hliðsjón af þeim úrskurði. Eftir það hafi sjóveðskröfur lækkað úr 48.716.233,45 kr. í 21.391.846,80 kr. Þrátt fyrir þessi málalok hafi ekki tekist að ljúka skiptum vegna rekstrar máls fyrir Hæstarétti, sem gat haft bein áhrif á fjárhæð skiptakostnaðar, er félli á ms. Júpíter, RE-61. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 119/1995 féll 29. febrúar 1996, og var þar sýknað af kröfu á hendur þeim, sem afhent höfðu fjármuni til búsins.

III.

Sóknaraðili bendir á til stuðnings kröfum sínum, að í máli þessu liggi fyrir, að skiptakostnaður sé 12.451.252,65 kr. eða sem nemi 4,9% af söluverði skipsins ms. Júpíters, RE-61. Af þessari fjárhæð renni 9.224.000 kr. beint til varnaraðila. Sóknaraðili telur þessa síðustu fjárhæð allt of háa og krefst

þess, að hún verði lækkuð verulega. Þá bendir sóknaraðili á, að við ofangreinda fjárhæð bætist síðan virðisaukaskattur, 24,5%, sem geri hana enn hærri.

Sóknaraðili mótmælir því, að varnaraðili hafi þegar tekið sér þessa fjárhæð án samráðs við veðhafa. Í 77. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 sé skiptastjóra veitt heimild til þess að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun sína, meðan á skiptum standi, enda kynni hann ákvörðun um það á skiptafundi og tryggt teljist, að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra, sem eiga réttthærri kröfur á hendur búinu. Varnaraðili hafi ekki leitað eftir samþykki skiptafundar, heldur hafi hann afgreitt sig sjálfur með þessa þóknun, og sé það brot á ofangreindri 77. gr.

Sóknaraðili bendir á, að varnaraðili hafi í bréfi til sín, dagsettu 8. maí 1996, tekið fram, að engir samningar hafi verið gerðir milli varnaraðila og veðhafa um þóknun skiptastjóra, þ. e. ekki á veðhafafundum né á öðrum vettvangi, hvorki um tímataxta né söluprósentu. Sóknaraðili telur, að varnaraðili hafi verið skylt að gera kröfuhöfum nákvæma grein fyrir áætluðum skiptakostnaði, en það hafi hann ekki gert. Sóknaraðili vísar þessu til stuðnings til 10. gr. siðareglna Lögmannafélags Íslands og til álitsgerða stjórnar LMFÍ frá 11. nóvember 1992, 13. janúar 1993 og 27. janúar 1993.

Um þóknun skiptastjóra sé m. a. fjallað í 77. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991, og í greinargerð með lagagreininni sé vísað um skýringu á henni til greinargerðar með 48. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum. Þar komi m. a. fram, að miðað sé við það í lögunum, að þóknun skiptastjóra verði ákveðin af tilliti til vinnuframlags hans, til dæmis sem viss fjárhæð fyrir hverja vinnustund. Þá sé í greinargerðinni einnig fjallað um, hvenær skiptastjóra sé heimilt að taka sér fé upp í þóknun sína, meðan á skiptum stendur. Þar komi fram, „að með þeim áskilnaði, að ákvörðun um slíka greiðslu upp í þóknun þurfi áður að vera kynnt á skiptafundi, sé ætlast til, að tryggt verði, að erfingjar eða skuldheimtumenn fái tækifæri til að láta uppi skoðanir um ráðagerð skiptastjóra og þeir geti þá mótmælt henni og eftir atvikum fengið úrlausn héraðsdómara um hana“. Einnig segi í greinargerðinni, „að skiptastjóra sé almennt ekki þörf á að kynna ákvörðun sína um greiðslu hverju sinni, sem hún standi fyrir dyrum, heldur væri honum eftir atvikum nægjanlegt að gera skiptafundi til dæmis grein fyrir því, að hann hafi í hyggju að fá greiðslu með reglubundnu millibili, sem yrði ákveðið með nánar tilteknum hætti. Þeir, sem hefðu hagsmuni af skiptunum, gætu síðan fylgst með því, að ekki hafi verið farið fram úr því, sem skiptastjóri kynnti þeim, með könnun yfirlita um efnahag og rekstur búsins“.

Sóknaraðili bendir á, að í 3. mgr. 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé veitt

heimild til að láta skiptakostnað hafa forgang fram yfir veðkröfur, að því leyti sem þær varða þá eign, er veðréttindi eða tryggingarréttindi eru fyrir. Og í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur sé fjallað um málskostnað, og segir þar m. a., að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Sóknaraðili telur, að um óhæfilegt endurgjald sé að ræða af hálfu varnaraðila. Þá vísar sóknaraðili til 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 til stuðnings máli sínu, en sú grein fjalli um lausafjárkaup, en beita megi henni með lögjöfnun um verkgjald. Í greininni segir m. a., að ef ekki hafi verið samið um verð, skuli greiða það, sem seljandi heimtar, ef það sé eigi ósanngjarnt. Sóknaraðili telur, að verð það, sem varnaraðili heimti og hafi þegar skammtað sér án heimildar, sé mjög ósanngjarnt. Þá bendir sóknaraðili á, að aðalreglan samkvæmt dönskum og norskum rétti sé sú, að miða skuli málskostnað við tímaútreikning. Lögmenn eigi að rökstyðja tímafjölda og beri skylda til að nota ekki meiri tíma í mál en nauðsynlegt sé og sanngjarnt. Eftir norskum rétti sé því aðeins heimilt að miða málskostnað við hundradshluta hagsmuna, að það sé samkvæmt lögum eða opinberum ákvörðunum.

Í sundurliðun skiptakostnaðar hafi komið fram, að varnaraðili áskilji sér 1,5% sölulaun af söluverði ms. Júpíters, RE-61, sem hafi numið 255.000.000 kr. eða sem svarar 3.825.000 kr. Sóknaraðili mótmælir því eindregið, að varnaraðili hafi heimild til að taka sér þóknun af söluverði skipsins í formi prósentu, og krefst þess, að hún verði felld niður. Hann bendir á, að öll verk, sem varnaraðili vinnur í þágu bús, eigi varnaraðili að vinna á tíma kaup. Þessu til stuðnings bendir sóknaraðili m. a. til greinargerðar með 48. gr. laga um dánarbússkipti, þar sem segir, að gert sé ráð fyrir því í lögnum, að þóknun skiptastjóra verði ákveðin af tilliti til vinnuframlags hans, til dæmis sem viss fjárhæð fyrir hverja vinnustund. Þá telur sóknaraðili, að venja sé fyrir því, að ekki séu tekin sölulaun af seldum eignum í þrotabúum, og vísar í úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. maí 1994 í máli nr. Q-4/1994 til stuðnings þeirri skoðun sinni. Sóknaraðili telur, að ef varnaraðili taki sér sölulaun sem hlutfall af seldum eignum þrotabúsins auk tímagjalds vegna vinnu við sölu eigna, sé um tvöfalda gjalddöku að ræða fyrir sama verk. Sóknaraðili telur, að það, að skiptastjóri taki sér 1,5% sölulaun auk tímagjalds, sé á engan hátt réttlætanlegt og óþekkt í sambærilegum þrotabúum, og vísar til þess, að fram hafi komið, að skiptastjórar þrotabús Einars Guðfinnssonar hf. hafi ekki áskilið sér þóknun í formi prósentu af söluverði tveggja skipa, sem þeir sáu um sölu á. Sóknaraðili bendir á, að lögin um gjaldþrotaskipti svo og venja við framkvæmd þeirra geri ráð fyrir því, að þóknun skiptastjóra sé ákveðið tímagjald fyrir alla þá vinnu, sem

þörf sé að vinna til hagsbóta búinu, og sé sala eigna þess ekki sérstaklega undanskilin. Þá bendir sóknaraðili einnig á, að prósentu sú, sem varnaraðili hafi tekið, sé langt umfram það, er skipasali hefði tekið fyrir sama verk. Sóknaraðili heldur því fram, að við sölu á stærri bátum og skipum sé gjarnan miðað við, að sölulaun, þegar skip séu seld á frjálsum markaði, séu 0,5%, ef söluverð skipsins sé á bilinu frá 100.000.000 kr. til 150.000.000 kr. Sé söluverð herra, verður prósentan lægri og öfugt. Sölulaun af ms. Júpíter, RE-61, sem seldur hafi verið fyrir 255.000.000 kr., myndi samkvæmt því ekki hafa verið hærri en 0,5% og að öllum líkindum eitthvað lægri. Sóknaraðili telur, að þá verði einnig að hafa í huga, að ef aðili, sem almennt faist við skipasölu, hefði verið látinn annast söluna, mætti búast við, að söluverðið hefði getað orðið eitthvað herra vegna reynslu hans og sambanda. Af þessu megi leiða líkur að því, að með því að annast söluna sjálfur og ætla sér meira en 1% hærri söluprósentu en almennt gerist, sé varnaraðili að valda veðhöfum tjóni upp á að minnsta kosti 2.550.000 kr. að við bætum virðisaukaskatti. Þá bendir sóknaraðili á, að þegar skrásett skip, fimm rúmlestir eða stærri, séu seld nauðungarsölu á uppboði, sé greitt 1% söluverðs sem sölulaun í ríkissjóð samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Ef skipið hefði verið selt á nauðungaruppboði, hefði því kostnaður þrotabúsins af sölunni orðið lægri en varnaraðili gerir kröfu um. Sóknaraðili vísar til þess, að í bréfi, dagsettu 8. maí 1996, komi fram hjá varnaraðila, að hann réttlæti 1,5% sölulaun með því, að hann „telur, að vinna við sölu Júpíters hafi verið óvenjulega mikil af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna margra og hárra sjóveðskrafna“. Þrátt fyrir þetta hafi varnaraðili rukkað þrotabúið sérstaklega með tímagjaldi sínu fyrir 658 klukkustunda vinnu við sjóveðskröfur, eins og fram komi í sama bréfi. Með töku prósentu af söluverði skipsins sé hann því að tvírukka fyrir sama verkið.

Sóknaraðili telur, að tímakaup skiptastjóra sé allt of hátt, og því beri að lækka það. Varnaraðili áskilji sér 6000 kr. fyrir hverja unna klukkustund, en samkvæmt skráningu vinnustunda hafi 88% vinnunnar farið fram á tímabiliinu 16. apríl 1993 til 30. mars 1994. Fyrir liggi í málinu, að á sama tímabili hafi skiptastjóri þrotabús Einars Guðfinnssonar hf. tekið 4.850 kr. á tímann og skiptastjóri þrotabús Fiskvinnslunnar á Bíldudal 5.000 kr. Hér hafi verið um skiptastjóra að ræða í þrotabúum tengdum fiskvinnslu og útgerð á sama tíma og á sama svæði og þrotabú Júpíters hf. hafi verið til meðferðar. Jafnframt hafi í þrotabúi Einars Guðfinnssonar hf. verið um sölu tveggja skipa að ræða, og sé því um sambærilega vinnu að ræða, en þrátt fyrir það sé tímagjald varnaraðila herra og tímafjöldi auk þess verulega meiri. Sóknar-

aðili telur, að hafa verði í huga, að samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti skipi héraðsdómari skiptastjóra, án þess að kröfuhafar fái nokkuð um það ráðið, hver verði fyrir valinu. Kröfuhafar hafi hins vegar af því hagsmuni, að ekki sé skipaður skiptastjóri, sem taki sér hærra tímagjald en gengur og gerist fyrir skiptastjórn í sambærilegum búum, og þeir eigi kröfu á, að samræmis sé gætt í tímagjaldi skiptastjóra. Því krefst sóknaraðili þess, að við ákvörðun tímakaups til varnaraðila sé stuðst við tímagjald skiptastjóra í þrotabúi Einars Guðfinnssonar hf., en samkvæmt því myndi vinna varnaraðila reiknast á eftirfarandi hátt:

16. 4. 1993 – 30. 3. 1994	508,0 klst.	× tímagjald 4.850 =	kr. 2.463.800
1. 4. 1994 – 30. 3. 1995	64,5 klst.	× tímagjald 5.100 =	– 328.950
1. 4. 1995 – 31. 8. 1995	0,0 klst.	× tímagjald 5.200 =	– 0
1. 9. 1995 – 22. 4. 1996	8,0 klst.	× tímagjald 5.300 =	– 42.400
Samtals			kr. 2.835.150

Vegið meðaltals-tímagjald sé því $2.835.150/580,5$ klst. = 4.884 kr. per klst.

Með vísan til ofangreinds krefst sóknaraðili þess, að tímakaup varnaraðila verði ákvarðað 4.900 kr. í stað 6.000 kr. Við framangreinda tölu bætist síðan virðisaukaskattur. Sóknaraðili telur, að þetta verði að teljast riflegt tímakaup, ekki síst í ljósi þess, að upp á síðkastið hafi varnaraðili rekið lögmannsstofu sína inni á heimili sínu, sem hljóti að leiða til lægri rekstrar-kostnaðar stofunnar.

Sóknaraðili bendir á, að samkvæmt sundurliðun skiptakostnaðar sé reiknað með 257,5 vinnustundum fulltrúa á tímagjaldi 5.500 kr. eða samtals 1.416.250 kr. Hann vísar til þess, að samkvæmt 2. mgr. 75. gr. gjaldþrotaskiptalaga getur héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna störfum skiptastjóra, ef sýnt þykir, að störf skiptastjóra verði umfangsmikil. Ekki hafi þótt ástæða til slíks í þessu búi. Þá er skiptastjóra heimilt samkvæmt 1. mgr. 77. gr. gjaldþrotaskiptalaga á kostnað þrotabúsins að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk, og 2. mgr. 122. gr. fyrrnefndra laga leggi þá skyldu skiptastjóra á herðar að ráðstafa eignum þrotabúsins á sem hagkvæmastan hátt. Varnaraðili hafi þegar tekið út úr þrotabúinu 1.416.250 kr. vegna vinnu fulltrúa og hafi miðað við 257,5 tíma á 5.500 kr. Sóknaraðili telur ósennilegt, að á árunum 1993 og 1994, þegar nær öll vinnan tengd sölunni á ms. Júpíter, RE-61, hafi farið fram, hafi skiptastjóri haft meiri kostnað af vinnu fulltrúa en numið hafi launum, sem þykja ríflega áætluð 2.000 kr. á tímann eða 368.000 kr. á mánuði, sé miðað við 40 stunda vinnuviku og 23 vinnudaga í mánuði. Inni í þessari tölu væru þá launatengd gjöld. Sóknaraðili hafi skorað á varnaraðila að leggja fram

launaseðla fulltrúa síns og sýna raunverulegan kostnað vegna fulltrúans. Með vísan til ofangreinds krefst sóknaraðili þess, að tímagjald fulltrúa varnaraðila verði lækkað úr 5.500 kr. í 2.000 kr. fyrir hverja unna stund.

Þá krefst sóknaraðili þess, að vinnulaun ritara, 323.000 kr., verði ekki viðurkennd sem sérstakur þáttur í þóknun til skiptastjóra. Hann bendir á, að samkvæmt sundurliðun skiptakostnaðar sé vinna ritara sérstaklega talin fram, 161 klukkustund á tímagjaldi 2.000 kr. Áralöng venja sé fyrir því, að í tímagjaldi lögmanna sé innifalin vinnulaun ritara og annar rekstrarkostnaður lögmannsstofu, enda sé litið á tímagjald lögmanna sem útselda vinnu verktaka, en ekki „strípuð“ laun lögmanns. Þess vegna mótmælir sóknaraðili því, að þrotabúið verði látið bera sérstaklega einstaka þætti í rekstri lögmannsstofu varnaraðila, hverju nafni sem þeir nefnast.

Sóknaraðili vísar til þess, að talið sé, að seljanlegur vinnustundafjöldi lögmanns á stofu sé um 1170 tímar á ári. Hér sé því um hálfs árs vinnu að ræða hjá varnaraðila, og verði það að teljast drjúgur tími í ekki stærra búi. Við þetta bætist um eins og hálfs mánaðar vinna fulltrúa við sama verk, sé miðað við 40 stunda vinnuviku. Til samanburðar vísar sóknaraðili til dóm-skjals nr. 13, bréfs skiptastjóra þrotabús Einars Guðfinnssonar hf. Þar komi fram, að við sölu tveggja skipa, annars á 430.000.000 kr. og hins á 291.000.000 kr., hafi fallið til samtals 371 klukkustund á veðhafa vegna vinnu við annað skipið, en 196 klukkustundir vegna vinnu við hitt. Sóknaraðili telur, að þarna sé um að ræða sambærilega vinnu og ekkert hafi komið fram hjá varnaraðila, sem geti skýrt þennan gríðarlega mun. Þegar tekið sé tillit til þess, að varnaraðili hafi auk þess talið fram 230,5 klukkustundir vegna vinnu fulltrúa tengdrar sölu á ms. Júpíter, RE-61, verði að telja vinnu varnaraðila mun meiri en umfang búsins gefi tilefni til. Verði því að meta slík vinnubrögð andstæð 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotaskiptalaga, sem kveða á um, að skiptastjóri skuli einkum gæta þess í störfum sínum, að skiptum verði lokið án ástæðulauss dráttar og að eignum búsins verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt. Skiptastjóra beri að standa vörð um hagsmuni kröfuhafa, og þeir séu m. a. fólgnir í gæðum, en ekki magni vinnuframlags skiptastjóra. Sóknaraðili bendir á, að frá uppkvaðningu úrskurðar í máli vegna sjóveðskröfu nr. 59 29. október 1994 og fram að framlagningu frumvarps til úthlutunar 30. apríl 1996 liðu 16 mánuðir, og hafi nánast ekkert verið unnið við búið þann tíma. Það geti ekki samræmst hagsmunum þrotabús, að skiptastjóri dragi það úr hófi fram að ljúka skiptum með þessum hætti, og verði að hafa þetta í huga við mat á störfum skiptastjóra, sbr. 2. mgr. 122. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Sóknaraðili telur, að mjög erfitt sé að leggja mat á tímaskráningu varnaraðila og vefengja hvern lið fyrir sig, en

þó virðist sem hver liður sé með ríflegra móti. Hann bendir á, að til þess að unnt sé að samþykkja tímaskráninguna, þurfi heildartímarnir að samsvara eðlilegu umfangi verksins. Þá telur sóknaraðili, að margir liðir í kröfuskránni séu óviðkomandi veðhöfum, t. d. boðun skiptafunda og vinna vegna umsjónar og vaktgæslu skips, eftir að það var afhent. Sóknaraðili telur vandséð, að vinna tengd sölunni á ms. Júpíter, RE-61, hafi þurft að taka svona mikinn tíma, og verði að telja, að ekki séu komin rök fyrir svo mörgum vinnustundum umfram það, sem gengur og gerist í öðrum þrotabúum, þar sem skip séu seld, sbr. þrotabú Einars Guðfinnssonar hf. Sóknaraðili krefst þess, að ekki verði tekið mark á skráningu vinnustunda varnaraðila, en tekið verði mið af fjölda vinnustunda skiptastjóra í þrotabúi Einars Guðfinnssonar hf. Meðaltal vinnustunda, sem féllu á veðhafa vegna vinnu við sölu skipa í því búi, hafi verið 283,5 klukkustundir, og sé þess krafist af hálfu sóknaraðila, að miðað verði við þann tímafjölda í þrotabúi Júpíters hf. Verði ekki fallist á þá kröfu, fer sóknaraðili fram á, að dómari áætli hæfilegan vinnustundafjölda og taki þá mið af sambærilegum þrotabúum, enda hafi varnaraðili ekki sýnt fram á, hvað réttlæti þessa gífurlegu vinnu við þrotabúið umfram það, sem gengur og gerist við sambærileg bú. Sóknaraðili telur, að miðað við það, sem fram hefur komið um vinnustundafjölda skiptastjóra í þrotabúi Einars Guðfinnssonar hf., verði fram talinn tímafjöldi fulltrúa auk tímafjölda varnaraðila að teljast langt umfram það, sem eðlilegt geti talist og samsvari ekki umfangi verksins. Því krefst sóknaraðili þess, að ekki verði tekið mark á skráningu vinnustunda fulltrúa varnaraðila, heldur verði fjöldi vinnustunda hans áætlaður helmingur þess, sem skráð er. Sóknaraðili telur réttlætingu fyrir þeim tímafjölda byggjast á vinnu fulltrúans við málaferlin út af sjóveðsréttinum.

Þá bendir sóknaraðili á til frekari stuðnings kröfu sinni um lækkan skiptakostnaðar, að veðhafar eiga kröfu á því, að á þeim lendi ekki miklu meiri kostnaður vegna skiptanna en ef skipið hefði verið selt á uppboði. Kostnaður við uppboð hefði verið 1% eða 2.550.000 kr. Skiptakostnaður sá, sem varnaraðili vill fella á veðhafa í máli þessu, þegar tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts á þóknunina, sé hins vegar 14.711.133 kr. eða 5,8%. Þetta sýnir, að kostnaðurinn sé tæplega sex sinnum hærri en ef skipið hefði verið selt á uppboði.

Kröfu sína um málskostnað reisir sóknaraðili á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt af málskostnaði á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Til stuðnings kröfum sínum bendir varnaraðili á, að ótvírætt sé samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, að skiptastjóra sé heimilt að taka sér greiðslu upp í áfallna þóknun, meðan á skiptum stendur, enda sé tryggt, að hann gangi ekki með því á hagsmuni þeirra, sem rétt hærrí kröfur eigi á hendur búinu. Varnaraðili kveður það rétt vera, að ekki hafi komið sérstaklega til umræðu á skiptafundum, hvernig tilhögun á greiðslu þóknunar skiptastjóra skyldi vera. Hins vegar hafi á 2. og 4. veðhafafundi verið rætt um þá fjárhæð, sem þyrfti til greiðslu sjóveðskrafna og skiptakostnaðar, og hafi áætlun gert ráð fyrir a. m. k. 45.000.000 kr. í þessu skyni. Þar hafi varnaraðili gert ráð fyrir, að sjóveðskrófur yrðu ekki samþykktar óbreyttar. Þessar greiðslur hafi reynst við lokauppgjör langt innan marka þeirrar áætlunar. Þá sé alsíða við skiptameðferð þrotabúa, að skiptastjóri taki sér greiðslu upp í þóknun vegna skiptastjórnar eftir framvindu verks og þá sérstaklega, þegar skiptastjórn sé tímafrek og fari fram á löngum tíma, eins og við eigi um þrotabú Júpíters hf. Hafi það ekki verið tíðkað að tilkynna slíka tilhögun sérstaklega fyrir fram á skiptafundum, heldur fullyrðir varnaraðili, að sú tilhögun hafi almennt verið viðurkennd af kröfuhöfum sem sanngjörn og eðlileg regla. Því hafi varnaraðili mátt ætla, að kröfuhafar þrotabús Júpíters hf. hafi almennt gert ráð fyrir því sem vísu, að skiptastjóri tæki sér greiðslur upp í áfallna þóknun við skiptin, enda hafi enginn veðhafa í ms. Júpíter, RE-61, gert athugasemd við þessa tilhögun á veðhafafundinum 30. apríl sl., þar sem skiptakostnaður hafi komið til umræðu. Varnaraðili bendir á, að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við þessa tilhögun í mótmælum sínum við þóknun skiptastjóra í bréfi, dagsettu 29. maí sl. Varnaraðili leggur áherslu á, að nánast allir þeir, sem sóttu fundi í þrotabú Júpíters hf., séu lögmennt, er séu þaulvanir skiptum þrotabúa.

Varnaraðili vísar á bug álití sóknaraðila um, að skiptastjóra sé skylt að gera kröfuhöfum nákvæma grein fyrir áætlunum skiptakostnaði. Skiptastjóri starfi sem opinber sýslunarmaður við skipti og beri skylda til þess að vinna þau verk, er lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti leggja honum á herðar. Varnaraðili telur algerlega óraunhæft að ætla skiptastjóra að meta fyrir fram þann tíma, sem skiptin kunna að taka, þegar af þeirri ástæðu, að í upphafi skiptameðferðar sé engin leið að sjá fyrir þau verkefni, sem kunni að falla til við skiptameðferðina. Hvergi sé að finna ákvæði í gjaldþrotaskiptalögum, sem leggi slíka skyldu á herðar skiptastjóra. Varnaraðili telur tilvitnanir sóknaraðila í úrskurði LMFÍ á engan hátt geta átt við um verk skiptastjóra, enda sé um öldungis ósambærileg tilvik að ræða, þar sem í tilvitnuðum úrskurðum sé deilt um fyrir fram afmörkuð verk, sem lögmaður taki að sér. Varnaraðili áréttar, að viðsemjendur sínir voru ekki ólögglærðir

og fáfróðir, heldur þaulvanir lögmenn, en 10. gr. siðareglna LMFÍ sé augljóslega ætlað umfram allt að vernda ólöglærða viðsemdjendur lögmanna. Þetta megi eindregið ráða af orðalagi í tilvitnuðum úrskurði LMFÍ frá 13. janúar 1993, þar sem segi m. a., að lögmanni standi nær að ganga svo frá málum o. s. frv. Þá bendir varnaraðili á, að í upphafi skiptameðferðar hafi verið gert ráð fyrir sérstakri fjárhæð til greiðslu sjóveðskrafna og skiptakostnaðar, og hafi greiðslur vegna þeirra liða verið langt innan þeirrar fjárhæðar. Því fullyrðir varnaraðili, að áætlun sú, sem gerð var fyrstu 2–3 mánuði skiptameðferðar um greiðslu skiptakostnaðar og sjóveðskrafna, hafi fullkomlega staðist og vel það.

Varnaraðili telur, að þóknun vegna vinnu sinnar og starfsmanna skrifstofu sinnar við bústjórn, málflutning og sölu ms. Júpíters, RE-61, sanngjarna og eðlilega miðað við umfang starfanna og hagsmuni þá, sem um var að ræða. Ákvörðun þóknunar hafi verið í fullkomnu samræmi við viðteknar venjur og heimildir. Lögmennsstofa Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl. sé rekin af hlutafélaginu Lögveri hf. í fjárhagslegum tilgangi rétt eins og sóknaraðili. Fjárhæð útseldrar vinnu lögmennsstofunnar taki m. a. mið af rekstrargjöldum. Varnaraðili hafi lagt fram rekstrarreikninga Lögvers hf. fyrir árin 1993, 1994 og 1995, en á þessum árum hafi hin umdeilda þóknun verið tekjufærð í bókhaldi félagsins. Samanlögð rekstrarniðurstaða af starfsemi Lögvers hf. nefnd tekjuár hafi verið 600.266 kr. fyrir skatta. Við störf sín sem skiptastjóri í þb. Júpíters hf. hafi varnaraðili verið launþegi Lögvers hf. Varnaraðili bendir á, að samanlögð laun og bifreiðahlunnindi varnaraðila árin 1993, 1994 og 1995 voru 6.973.715 kr. eða að meðaltali 193.714 kr. á mánuði. Til samanburðar megi líta til ársreiknings sóknaraðila, en þar komi fram, að samanlögð rekstrarniðurstaða tekjuáranna 1994 og 1995 var 418.327.592 kr. fyrir skatta. Varnaraðili telur, að hafa beri þessar staðreyndir í huga, þegar beita á sanngirnismælikvarða á ágreiningsefni máls þessa.

Varnaraðili styður heimild sína til þess að miða þóknun vegna sölumeðferðar ms. Júpíters, RE-61, við 1,5% af söluandvirði, við gjaldskrá LMFÍ, sem var í gildi við sölu skipsins 2. júlí 1993, og við 2. mgr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu. Varnaraðili bendir á, að í fjölda úrskurða LMFÍ og álitssgerðum gjaldskrárnefndar félagsins komi ótvírátt fram, að miða beri við ákvæði gjaldskrár félagsins, þegar ekki hafi verið samið sérstaklega um þóknun. Þetta komi m. a. fram í þeim úrskurðum, sem sóknaraðili nefndi í greinargerð sinni og í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 114/1995, upp kveðnum 6. júní 1996. Þá eigi hið sama við í dönskum rétti gagnstætt fullyrðingum sóknaraðila um annað. Varnaraðili telur, að í þeim tilvikum, sem skiptastjóri annast sjálfur sölu eigna, sé löng venja fyrir því

að miða þóknun fyrir sölumeðferð við prósentu af söluandvirði. Jafnvel hafi verið talið rétt, að skiptastjórar reikni sér hlutfallslega þóknun af söluandvirði eigna úr þrotabúum, enda þótt þeir hafi falið uppboðshaldara að ráðstafa þeim sömu eignum á uppboði við 1% þóknun uppboðshaldara, sbr. úrskurð uppboðsréttar Hafnarfjarðar frá 30. október 1987 og úthlutunargerð í þrotabúi Vogalax hf., sbr. dómskjal nr. 32. Varnaraðili telur, að þegar skiptastjóri feli þriðja aðila að selja eignir úr búum, t. d. fasteignasala, skipamiðlara eða uppboðshaldara, sé þeim ætíð greidd þóknun fyrir þau verk samkvæmt prósentu af söluandvirði, sbr. 14. gr. laga nr. 34/1986 og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 88/1991. Varnaraðili mótmælir því, að venja hafi breyst svo á þessu sviði, að byggt sé út heimild til að taka söluprósentu við sölu eigna úr þrotabúum, enda sanna dæmi, að svo hafi verið gert eftir gildistöku laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, sbr. dómskjöl nr. 33 og 34. Þá mótmælir varnaraðili þeirri lögskýringu, að 48. gr. laga nr. 20/1991 um dánarbússkipti o. fl. girði fyrir heimildir skiptastjóra til að miða þóknun fyrir bústörf við annað en tímagjald. Varnaraðili telur, að þegar skírskotað sé til þess í greinargerð með fyrrnefndri 48. gr. laga nr. 20/1991, að við þóknun skiptastjóra skuli tekið mið af vinnuframlagi hans, sé verið að benda á, að þóknun hans skuli ekki ákvarðast af vinnuframlagi annarra í þágu búins. Þessi tilgangur ákvæðisins komi berlega fram í orðum greinargerðarinnar, þar sem orðrétt segði: „... þannig að ekki ætti að vera hætt á, að þóknun hans taki mið af rækslu starfs, sem hann hefur ekki sjálfur innt af hendi, heldur fengið annan til að vinna á kostnað búins“. Það að miða þóknun skiptastjóra fyrir sölu eigna við prósentu af söluandvirði fari því alls ekki í bága við þetta ákvæði, svo framarlega sem skiptastjóri annast söluna sjálfur. Í athugasemdum við fyrrnefnda 48. gr. sé nefnt, að þóknun skiptastjóra skuli til dæmis miðast við ákveðna fjárhæð fyrir vinnustund, og sé því gert ráð fyrir öðrum viðmiðunum við ákvörðun þóknunar. Varnaraðili telur, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. maí 1994 í máli nr. Q-3/1994 renni engum stoðum undir það álit sóknaraðila, að venja sé fyrir því að taka ekki sölulaun af seldum eignum í þrotabúum. Málsatvik í úrskurði og í ágreiningsmáli þessu séu ekki sambærileg. Í úrskurðinum sé verið að fjalla um, hvort skiptastjóri megi miða þóknun sína við skiptastjórn þrotabús við prósentu heildareigna bús án tillits til vinnuframlags. Forsendur úrskurðarins fjalli ekki um heimild skiptastjóra til að miða þóknun sína af sölumeðferð við söluprósentu af seldum eignum í þrotabúi. Í því tilviki, sem úrskurðurinn taki til, hafi skiptastjóri falið fasteignasala að selja fasteign búins, en hann hafi ekki sjálfur annast sölu eigna úr búinu. Varnaraðili telur, að sú venja, sem nefnd sé í forsendum tilvitnaðs úr-

skurðar Héraðsdóms Reykjavíkur, geti ekki átt við annað en beitingu gjaldskrár LMFÍ við einföld búskipti og hefðbundin bústörf, enda séu, eins og áður hefur verið rakið, fjölmörg dæmi fyrir því, að skiptastjórar hafi reiknað sér þóknun af sölu eigna úr búum samkvæmt hlutfalli af söluandvirði, sbr. úrskurð skiptaréttar Hafnarfjarðar. Tilvitnaður úrskurður segi ekki annað en það, að óeðlilegt sé að miða þóknun skiptastjóra í slíkum tilfellum við heildareignir bús án nokkurs tillits til vinnuframlags. Varnaraðili bendir á, að í þrotabúi Júpíters hf. sé þóknun skiptastjóra að öllu leyti miðuð við vinnuframlag, annars vegar samkvæmt tímagjaldi og hins vegar með sölupóknun.

Varnaraðili telur eðlilegt og sanngjarnt að miða þóknun vegna sölumeðferðar á ms. Júpíter, RE-61, við 1,5% af söluandvirði. Ákvörðun varnaraðila í þessu sambandi sé reist á því, að skipið hafi verið selt á almennum markaði og skiptastjóri séð um alla þætti sölunnar. Varnaraðili heldur því fram, að sá kostnaður, sem hafi fallið á búið við söluna, hafi alls ekki verið meiri en ef leitað hefði verið annarra leiða við sölumeðferðina. Ef leita hefði þurft til þriðja aðila um söluna, hefði til viðbótar hagsmunatengdri þóknun þess aðila komið kostnaður vegna óhjákvæmilegrar vinnu skiptastjóra. Varnaraðili taldi, að hagsmunir veðhafa væru verr tryggðir með nauðungarsölu vegna hættu á lægra kaupverði. Varnaraðili bendir á, að það hafi gert sölumeðferðina erfiðari en ella, að óvissa hafi verið um stöðu sjóveðskrafna, sem námu verulegum fjárhæðum, og af þeim sökum einnig um viðtöku samningsveða væntanlegs kaupanda. Varnaraðili hafi haft fjögurra ára starfsreynslu af fasteignasölu og veðhafar talið hagsmunum sínum best borgið með því, að hann sæi um söluna. Verulegur árangur hafi náðst af starfi varnaraðila við sölumeðferðina, en fyrir hans tilstuðlan hafi náðst fram hækkun á tilboði kaupanda skipsins úr 230 milljónum kr. í 255 milljónir kr. Því hafi, eins og atvik lágu til við sölu ms. Júpíters, RE-61, varnaraðili haft ótvíræða heimild til að taka þóknun fyrir vinnuframlag sitt við sölu skipsins skv. 1,5% söluprósentu af söluandvirði, enda verði að telja það sanngjarna niðurstöðu miðað við umfang verks, og hafi ekki verið sýnt fram á með haldbærum rökum, að það hafi rýrt hagsmuni kröfuhafa í skipinu. Varnaraðili mótmælir því, að um tvöfalda gjaldtöku sé að ræða, enda komi það skýrt fram í gögnum málsins, að ekki sé krafist greiðslu samkvæmt tímagjaldi fyrir vinnuframlag varnaraðila við sölumeðferð skipsins.

Varnaraðili bendir á, að í bréfi framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, dagsettu 20. september 1996, komi fram, að gjaldskrá LMFÍ hafi verið í gildi til nóvembermánaðar 1993. Eftir að hætt hafi verið að gefa út gjaldskrána, hafi tímagjald lögmanna, sem sé frjálst, ráðist af gjaldskrá

hvers einstaks. Nokkur munur hafi verið á tímagjaldi einstakra lögmanna. Varnaraðila sé kunnugt um, að algengt tímagjald lögmanna við búskipti hafi verið og sé á bilinu 5.000 kr. til 6.500 kr., en dæmi séu um lægri og hærri gjaldtöku. Þá liggi upplýsingar um gjaldtöku skiptastjóra fyrir hjá dómstólum landsins, þar sem skiptastjórum ber við skiptalok að gera héraðsdómi grein fyrir skiptakostnaði og þar á meðal þóknun sinni. Varnaraðili telur ákvarðað tímagjald sitt og tímagjald vegna fulltrúa og ritara sanngjarnt með hliðsjón af rekstrarreikningum fyrirtækis varnaraðila og almennum sjónarmiðum við rekstur lögmannsstofu. Tímagjaldið sé ekki herra en finna megi í einstökum gjaldskráum lögmanna. Varnaraðili bendir á, að fulltrúi hans, sem sé héraðsdómslögmaður, hafi gengið inn í verk, er varnaraðili hefði sjálfur ella þurft að inna af hendi. Ekki verður séð, að sú tilhögun að fela fulltrúa störf við búskiptin hafi gengið á hagsmuni kröfuhafa, en fulltrúinn hafi haft starfsreynslu í skiptamedferð þrotabúa. Varnaraðili kveður skráða tíma ritara vegna skiptamedferðarinnar hafa einkum verið fólgn í bókhaldsvinnu við búskiptin, en einnig í leit og athugun á gögnum, er fylgdu búinu. Þessa vinnu hefði varnaraðili eða fulltrúi hans að öðrum kosti þurft að inna af hendi, eða eftir atvikum hefði þurft að kaupa bókhaldspjónustu af öðrum aðila. Ritarinn hafi áralanga reynslu af bókhaldsvinnu og því getað leyst þessi störf af hendi. Þá hafi vinna ritarans oft verið unnin utan hefðbundins vinnutíma. Með hliðsjón af þessu þyki varnaraðila því sanngjarnt og eðlilegt, að greitt sé sérstaklega fyrir þessi störf. Fjöldi vinnustunda ritarans, sem unnar voru vegna búskiptanna, svo sem frágangur bréfa, símsvörun og önnur hefðbundin störf ritara á lögmannsstofu, var ekki skráður sem vinna á búið. Varnaraðili taldi tímagjald vegna ritara ekki ósanngjarnt miðað við þau störf, sem hún innti af höndum í þágu þrotabúsins, og fráleitt sé, að þessi tilhögun hafi verið kröfuhöfum óhagstæð. Varnaraðili vísar á bug kröfu sóknaraðila um framlagningu gagna um kostnað við að halda fulltrúa. Framlagning slíkra upplýsinga hefði enga þýðingu. Það eitt skipti máli, hvort útseld vinna vegna fulltrúans sé sanngjörn eða ekki. Upplýsingar um launamál fulltrúans séu auk þess trúnaðarmál. Rök sóknaraðila til stuðnings kröfu sinni um lækkun tímagjalds, er lúta að staðsetningu starfsstofu varnaraðila, er vísað á bug sem óviðeigandi og haldlausum, en varnaraðili bendir á, að starfsstöð sín hafi verið allt annars staðar, er meginhluti skiptamedferðar fór fram. Varnaraðili telur sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á, að tilefni sé til að hrófla við tímagjaldi því, sem við var miðað við störf í þágu þrotabúsins, en að hann hafi sönnunarbyrði fyrir því, að þóknun varnaraðila fyrir útselda vinnu sé ósanngjörn.

Varnaraðili vísar til þess, að ýtarleg tímaskráning á unnum vinnustundum hafi farið fram vegna gjaldprotaskiptanna. Hafi öll sú vinna, sem krafist sé, að greiðist af andvirði ms. Júpíters, RE-61, farið fram vegna ráðstöfunar skipsins eða í þágu þeirra, er áttu veðkröfur í skipinu. Samanburður sóknaraðila á vinnustundafjölda við búskipti þrotabús Einars Guðfinnssonar hf. við þrotabússkipti Júpíters hf. sé fráleitur og geti engan veginn stutt kröfu hans um, að hluti unninna stunda við búskipti Júpíters hf. verði ekki greiddur. Varnaraðili vísar til bréfs skiptastjóra þrotabús Einars Guðfinnssonar hf., að um ýmsar aðrar eignir hafi verið að ræða í búinu en þau tvö skip, er þar séu nefnd. Megi því ætla, að skiptakostnaður hafi dreifst á fleiri eignir. Í bréfinu sé sérstaklega tekið fram, að hin mikla vinna, sem farið hafi í að fjalla um launakröfur, hafi greiðst af „heildarskiptakostnaði“ og aðeins lítið brot þess kostnaðar fallið á skipsveðin. Af þessu verði ekki annað ráðið en fjármunir hafi verið handbærir til þess að greiða forgangskröfurnar, sem jafnframt hafa notið sjóveðs, og skiptakostnað, sem hafi fallið til vegna þeirra. Tímafjöldinn, sem hafi farið í það verk, hafi ekki komið fram í málinu. Þessum aðstæðum hafi ekki verið til að dreifa við búskipti Júpíters hf., en varnaraðili veki athygli á því, að mikill hluti þeirra vinnustunda, er fallið hafi til vegna ms. Júpíters, RE-61, hafi verið vegna deilna um launa- og sjóveðskröfur, alls 658 klukkustundir. Sé fráleitt að gera ráð fyrir því sem staðreynd, að bú, sem til skipta koma, þar sem ef til vill sé um samþærilegar eignir að ræða, hljóti að krefjast sama vinnuframlags. Nægi að benda á, að búskiptum, þar sem um miklar eignir sé að ræða, geti lokið, án þess að upp komi nokkur ágreiningur, sem kalli á aukna vinnu skiptastjóra eða rekstur mála fyrir dómstólum. Þá bendir varnaraðili á, að mismikill tími lagðist til vegna þeirra tveggja skipa, sem seld voru úr þrotabúi Einars Guðfinnssonar hf., svo að munar 175 klukkustundum. Þá hljóti að ráðast af hagsmunum hverju sinni, hvort rétt sé að ráðast í mikla vinnu við mál, er tengjast skiptastjórn. Veðhavar í ms. Júpíter, RE-61, þar með talinn sóknaraðili sjálfur, hafi sætt sig afar illa við þær launakröfur, sem lýst var í skipið, og mótmælt þeim. Um sjóveðskröfur hafi verið að ræða, að fjárhæð 48.716.233,45 kr., og liggi fyrir, að umdeild vinna hafi þó skilað því, að þessi fjárhæð hafi lækkað um 27.324.386,65 kr. og orðið til þess, að veðréttarhafar á 8. og 9. veðrétti í ms. Júpíter, RE-61, hafi fengið fullnægju sinna krafna og sóknaraðili 5.107.252,25 kr. upp í sína kröfu, en áður en umdeild vinna hafi fallið til, hafi litið út fyrir, að 8. veðréttarhafi fengi aðeins greiddan hluta af kröfu sinni. Varnaraðili fullyrðir, að þær vinnustundir, sem fallið hafi til vegna ms. Júpíters, RE-61, hafi sannarlega verið unnar og skilað miklum árangri.

Varnaraðili telur samanburð sóknaraðila á kostnaði við skipti, eins og hann sé, og kostnaði við hugsanlega uppboðssölu vera fráleitan. Sóknaraðili virðist standa í þeirri trú, að uppboðshaldari sinni yfirgripsmiklum og flóknum skiptastörfum, þar með talið, að hann taki á ágreiningskröfum og reki dómsmál. Þá virðist svo sem sóknaraðili geri ráð fyrir í samanburði sínum, að 1% söluþóknun, sem renna eigi til ríkissjóðs, standi einnig straum af útlögðum skiptakostnaði vegna skiptaandlagsins. Raunin sé ekki sú, því að í athugasemdum við 7. gr. laga nr. 90/1991 komi skýrlega fram, að það falli í hlut skiptastjóra við uppboðssölu að úthluta söluverði og taka við kröfúlýsingum og þá að taka afstöðu til krafna. Varnaraðili bendir á, svo að fallast megi á kröfur sóknaraðila um niðurskurð á unnum vinnustundum vegna ms. Júpíters, RE-61, að sóknaraðili verði að sýna fram á, að tilgreindar stundir hafi ekki verið unnar, en það hafi hann ekki gert.

Varnaraðili kveðst ekki hafa forræði um það, hvort og hve hár virðisaukaskattur leggist á vinnu sína sem skiptastjóra, og telji hann því skattlagningu engin rök fyrir óhóflegum skiptakostnaði, eins og ráða mætti af ummælum sóknaraðila.

Í ljósi, þess sem fram sé komið, telur varnaraðili ekki tilefni til að hrófla við þeim skiptakostnaði, sem fallið hafi til vegna ms. Júpíters, RE-61.

Varnaraðili mótmælir vaxtakröfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki innt af höndum greiðslur á skiptakostnaði til varnaraðila og geti því ekki krafist dráttarvaxta, fari svo, að einhver af kröfum hans verði tekin til greina. Fjármunir þrotabúsins beri vexti af innlánsreikningi við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, og bæri því vaxtakröfu að taka mið af því. Þá telur varnaraðili, ef fallist verði á, að hugsanleg endurgreiðsla ætti að bera dráttarvexti, að miða beri upphafsdrag dráttarvaxta við 29. júní 1996 í samræmi við 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Loks mótmælir varnaraðili kröfum sóknaraðila um greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun sérstaklega. Sóknaraðili sé virðisaukaskattsskyldur og fái því skatt af hugsanlegum til-dæmdum málskostnaði greiddan sem innskatt úr ríkissjóði.

Málskostnaðarkröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

V.

Skiptastjóra ber að annast öll þau störf, sem inna þarf af hendi, til þess að ljúka megi skiptum, og hann á rétt til þóknunar fyrir störf sín, sem greiðist úr búinu. Í gjaldþrotaskiptalögum er ekki mælt fyrir, hvernig þóknun skiptastjóra skuli reiknuð eða hver ákvarði um þóknunina. Skiptastjóri ákvarðar þannig sjálfur þóknun sína, en kröfuhöfum er ætlað að veita hon-

um það aðhald, sem til þarf á skiptafundum, og eftir atvikum stuðla að því, að úrlausn ágreiningsefna verði fengin fyrir dómi. Við mat á því, hvað telst hæfileg þóknun, verður skiptastjóri að taka mið af árangri starfsins, starfs-tilhögun og þeim tíma, sem starfið tók.

Í 77. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er skiptastjóra heimilað að taka sér greiðslu af fé búsins upp í áfallna þóknun með þeim skilyrðum, að hann kynni þá ákvörðun á skiptafundum og það teljist tryggt, að hann gangi ekki með þessu á hlut þeirra, sem eigi rétt hæri kröfur á hendur búinu. Ljóst er, að varnaraðili sinnti því ekki sérstaklega að kynna fyrir kröfuhöfum ákvörðun sína um að greiða sér áfallna þóknun eða hvernig hann hugðist reikna sér þá þóknun, og verður það að teljast aðfinnsluvert af hálfu varnaraðila. Þá hefur sóknaraðili haldið því fram, að varnaraðili hafi vanrækt þá skyldu sína að gera kröfuhöfum nákvæma grein fyrir áætluðum skiptakostnaði í upphafi skipta. Telja verður, að slíkt geti verið erfiðleikum bundið, þar sem oft sé engin leið að sjá fyrir þau verkefni, sem kunna að falla til við skiptameðferðina. Hægt sé að gera áætlanir, og það var það, sem varnaraðili gerði í þessu tilviki. Við upphaf skipta gerði hann kröfuhöfum, þ. á m. fulltrúa sóknaraðila, grein fyrir áætlaðri fjárhæð til greiðslu sjöveðskrafna og skiptakostnaðar án athugasemda og án þess að krafist væri frekari sundurliðunar af þeirra hálfu.

Sóknaraðili heldur því fram, að tímakaup varnaraðila og fulltrúa hans sé allt of hátt, og beri að lækka það. Með samkeppnislögum nr. 8/1993 var óheimilt að gefa út leiðbeinandi reglur eða gjaldskrár um verðlagningu á vöru eða þjónustu. Verðlagning lögmanna á þjónustu sinni var þar með gefin frjáls, og ræðst hún því af gjaldskrá hvers og eins. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem gefur til kynna, að tímagjald varnaraðila, hvorki hans né fulltrúa hans, sé bersýnilega ósanngjarnt. Miklu fremur virðist hér vera um meðalgjald að ræða, þegar gjaldskrár lögmanna eru skoðaðar. Kröfu sóknaraðila um lækkun tímagjalds varnaraðila er því hafnað.

Því hefur ekki verið mótmælt, að venja sé fyrir því, að vinnulaun ritara séu innifalin í tímagjaldi lögmanna. Varnaraðili heldur því fram, að vinna sú, sem skráð hafi verið á ritara, sé vinna, sem hann annars hefði þurft að kaupa frá þriðja aðila. Ekki verður fallist á ofangreinda skýringu gegn mótmælum sóknaraðila. Það hefði staðið varnaraðila nær að ganga þannig frá málum, að ekki hefði þurft að efast um aðgreiningu á verkefnum ritara. Með vísan til ofangreinds er krafa sóknaraðila um, að vinnulaun ritara, 323.000 kr., verði ekki viðurkennd sem sérstakur þáttur í þóknun skiptastjóra, tekin til greina.

Þá hefur sóknaraðili krafist þess, að ekki verði tekið mark á skráningu

vinnustunda varnaraðila við ákvörðun þóknunar honum til handa. Tíma-skýrsla varnaraðila ásamt öðrum fram lögðum gögnum bendir til þess, að búskiptin hafi verið umfangsmikil og flókin, en jafnframt árangursrík og búinu til hagsbóta. Ekkert hefur komið fram af hálfu sóknaraðila, sem gefur ástæðu til að ætla, að tilgreind vinna hafi ekki verið unnin í samræmi við fyrrnefnda tímaskýrslu, og er því hafnað kröfu sóknaraðila um fækkun á tímaffjölda vinnustunda varnaraðila.

Loks hefur sóknaraðili mótmælt töku varnaraðila á 1,5% sölulauna vegna sölu á ms. Júpíter, RE-61. Ljóst er, að á skiptafundi 21. maí 1993 fólu kröfuhafar varnaraðila að sjá um sölu skipsins í stað þess að fela þriðja aðila sölu. Hér var því um verkefni að ræða, sem fellur utan venjulegrar skiptaforstjórnar. Varnaraðili sá þannig um að leita tilboða og annaðist sölu skipsins að öllu leyti, eins og um skipasala væri að ræða, og með þeirri ábyrgð, skyldum og réttindum, sem því fylgja. Fyrir þennan hluta starfsins ber varnaraðila að fá ákveðna þóknun, en ekki verður fallist á, að sú ákvörðun hans að taka sér söluprósentu í stað tímakaups gangi gegn 48. gr. l. nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Þegar varnaraðila var falið að ganga frá sölu skipsins, var ekki samið um það fyrir fram, hver sölubóknun hans skyldi vera. Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands frá 1. júlí 1992 gildi til 1. nóvember 1993, en þá rann út sá umþóttunartími, sem félaginu var veittur til þess að afnema samkeppnishömlur í félagssamþykktum sínum í samræmi við samkeppnislög nr. 8/1993. Kröfuhafar máttu því gera ráð fyrir, að gjaldskrá LMFÍ yrði höfð til hliðsjónar við ákvörðun þóknunar við sölu skipsins, en ósannað er, að sú fjárhæð sé eftir atvikum bersýnilega ósanngjörn. Með vísan til ofangreinds og til 2. mgr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu er fallist á það með varnaraðila, að honum hafi verið heimilt að miða þóknun sína við 1,5% af söluverði skipsins.

Í ljósi þess, sem fram er komið, þykir hæfileg þóknun varnaraðila til handa vera 8.901.000 kr. Þá skal varnaraðili greiða þrotabúi Júpíters hf. oftekna þóknun, 323.000 kr., með dráttarvöxtum skv. 3. mgr. 9. gr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. júní 1996 til greiðsludags.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins og með vísan til 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 ber að dæma varnaraðila málskostnað úr hendi sóknaraðila, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Liður B. c. 15 í frumvarpi til úthlutunar úr þrotabúi Júpíters hf. vegna sölu á ms. Júpíter, RE-61, skal lækkaður úr 9.224.000 krónum í 8.901.000 krónur.

Varnaraðili greiði þrotabúi Júpíters hf. 323.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. júní 1996 til greiðsludags.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 350.000 krónur í málskostnað.
